



Bættur námsárangur á Austurlandi

Tilkynning til foreldra nemenda í 6. bekk

Í haust hefja leik- og grunnskólar á Austurlandi 2. árið í áttakinu Bættur námsárangur á Austurlandi til að efla lestur og stærðfræðipækkingu barna í fjórðungnum. Verkefnið er hugsað sem fimm ára ferli til að bæta námsárangur nemenda á Austurlandi. Áherslan er fyrstu árin á læsi og reikniaðgerðirnar fjórar.

Kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Austurlands munu sjá um að leggja skimun með ákveðnum hlutum prófins Logos¹ fyrir nemendum. Athugaður verður leshraði, lesskilningur og stafsetning hjá öllum nemendum en að auki lestur með hljóðaaðferð og lestur út frá rithætti hjá þeim nemendum sem eru undir 30. hundraðsröð í leshraða. Niðurstöður skimunar sýna stöðu nemenda í hundraðsröð miðað við jafnaldra í þeim þáttum sem prófaðir eru.

Þá verður skimað eftir erfiðleikum í reikningsaðgerðunum fjórum með fyrirlögn hluta úr prófinu Talnalykill. Talnalykill er greinandi stærðfræðipróf sem gefið er út af Námsmatsstofnun.

Niðurstöðum skimana verður skilað til umsjónarkennara, sérkennara og skólastjóra á sérstökum fundi og í framhaldi af þeim fundi fá foreldrar upplýsingar sendar um stöðu barna sinna í lestri, stafsetningu og reikningsaðgerðunum fjórum.

Gert er ráð fyrir góðu samstarfi við foreldra vegna heimalesturs og þjálfun í stærðfræði í framhaldi af skimunum.

Með bestu kveðjum,

Björg Þorvaldsdóttir kennsluráðgjafi
Jarprúður Ólafsdóttir kennsluráðgjafi
Skólaskrifstofu Austurlands

¹ Logos er rafrænt lestrarpróf sem lagt er fyrir nemendum til að meta hvort þeir eiga við lestrarerfiðleika að etja. Það er í 14 hlutum en við skimun verða einungis lagðir fyrir nokkrir þættir eins og áður segir. Ef nemendum sýna slakan leshraða og lesskilning við skimun er mikilvægt að kanna nánar undirstöðuþætti lestrar með því að leggja fyrir allt Logosprófið.